

Samband íslenskra sjóminjasafna

Fornbátaskrá – Skýrsla nr. 14

Bátaskrá
Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna,
Reykjum í Hrútafirði



Helgi Máni Sigurðsson

2019

Inngangur

Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna er til húsa að Reykjum í Hrútafirði. Þar er áhersla lögð á líf og störf fólks á síðari hluta 19. aldar og byrjun þeirrar 20. Á safninu eru tveir sýningarsalir. Í öðrum þeirra er sýning um hákarlaveiðar við Húnaflóa, sem var merkilegur þáttur í atvinnusögu héraðanna við flóann. Þar má sjá lykilgrip safnsins, hákarlaskipið Ófeig frá Ófeigsfirði á Ströndum, smíðaður árið 1875. Farið er yfir sögu skipsins, sem er hið eina sinnar tegundar sem varðveist hefur á Íslandi, sýndir eru gripir sem allir tengjast hákarlaveiðum á einhvern hátt, sagt er frá menningunni sem skapaðist í kring um veiðarnar og fleira.

Í stærri sýningarsal safnsins er fjallað um sveitasamfélagið við Húnaflóa líkt og það var í kringum aldamótin 1900. Til sýnis eru þrjú hús úr héraðinu: Tungunesbærinn, stofa úr gamla bænum á Svínavatni og baðstofa frá Syðsta-Hvammi. Í stærri sýningarsalnum eru einnig nokkrar minni sýningar.¹

Bátar og skip í eigu eða umsjá Byggðasafnsins á Reykjum eru átta talsins. Þekktast þeirra er hákarlaskipið Ófeigur sem áður er getið. Þrír aðrir bátar eru einnig á sýningum safnsins, trillan Sæfari, bytta Björns daskara og Vatnabátur frá Efri-Fitjum. Fjórir bátar eru síðan í geymslu á Borðeyri, Björg, Kristín, Hindisvíkurbátur og Stígandi. Nokkuð vel fer um alla þessa báta, þeir eru innandyrar og í upphituðu rými. Ástand þeirra er einnig gott nema helst á Stíganda. Almennt sagt hefur bátavarðveislu verið vel sinnt í umdæmi safnsins.




Byggðasafnið á Reykjum

¹ reykjasafn.is

Efnisyfirlit

Ófeigur	4
Bytta Björns daskara	5
Hindisvíkurbátur	11
Björg	17
Kristín	22
Stígandi	27
Vatnabátur	31
Sæfari	34
 Viðauki: Kafli úr ævisögu Skúla á Ljótunnarstöðum	 38



Feræringurinn Björg. Teiknari: BB²

² Lúðvík Kristjánsson: Íslenskir sjávarhættir II bls. 355



Hákarlaskipið Ófeigur á sýningu á Reykjum, 2017. Ljósmynd: HMS

Ófeigur

1. Skipaskrárnúmer, safnnúmer:

Ekkert skipaskrárnúmer; BR-1.

2. Tegund:

Árabátur; tíróinn áttæringur.

3. Hlutverk:

Hákarlaveiðibátur; flutningabátur; fiskibátur.

4. Eigandi:

Þjóðminjasafn Íslands telst vera eigandi Ófeigs þótt hann sé skráður inn í Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna á Reykjum.

Sjá nánar um Ófeig í Bátaskrá Þjóðminjasafns



Bytta Björns daskara, 2017. Ljósmynd. HMS

Bytta Björns daskara

1. Safnnúmer: 676

2. Tegund: Árabátur; tvö ræði á hvort borð (gaflkæna)

3. Hlutverk: Fiskibátur; veiðibátur; flutningabátur

4. Eigandi: Byggðasafnið að Reykjum

5. Fyrri eigendur:

- Björn Guðmundsson daskari (1830-1907); líklega eign hans til aldamóta 1900

- Guðmundur Guðmundsson bóndi í Grafarkoti, Miðfirði (síðasti eigandi; gefur hann safninu 1958)

6. Varðveislustaður: Á sýningu Byggðasafnsins á Reykjum

7. Smíðaár: 1870-1880 (áætlað; gæti verið eldri)

8. Smiður:

9. Smíðastaður:

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 4,82 x 1,43 x 0,77 (dýpt: mæld frá miðjum borðstokk að utan).
Gaflbreidd 85 sm skv. sarpur.is.

12. Smíðaefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrtur

13. Smíðalýsing og skrokklag:

Báturinn er með lotað framstefni og gafl að aftan. Hann er óvenjulegur í laginu og minnst menn nyrðra ekki annars báts sem líktist honum.

Lýsing bátsins í Sarpi:

„Böndin eru 12 og eru vanalega um 30 sm á milli þeirra. Í böndunum er skora fyrir *langýsuna*, sem er mjög lítil. Þófturnar eru 3 festar með venjulegum *kollhörðum*. *Keipastokkurinn* er af venjulegri gerð, en nokkuð lítill. *Keiparnir* eru nýir og eru þeir úr járni. Árarnar eru nokkuð eldri, enda passa þær ekki í keipana. Aftur í skut er set og er það seinni tíma smíð.“³

Orðaskýringar:

Bönd: Innviðir í skrokk á bát (grindin) (Íslensk orðabók)

Langýsa: Listi sem var innan á böndunum milli fremstu og öftustu þóftu og undir káftunum⁴ (lexis.hi.is)

Kollharðar: Ofan á þóftuendunum voru lítil vinkillaga bönd, sem héldu þóftunum föstum við byrðing og borðstokk (lexis.hi.is)

Keipastokkur: Listi sem árin leikur á milli keipanna (Íslensk orðabók)

Keipar: Umbúnaður á borðstokki til að halda árinni við róður (Íslensk orðabók)

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Engin en líklega voru bæði segl og stýri á honum í tíð Björns daskara

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

Þeir lausahlutir sem fylgja bátnum eru árar, krókstjaki, ausa og goggur.⁵

20. Notkunarsaga:

Ekki er vitað um uppruna bátsins. Þór Magnússon fyrrv. þjóðminjavörður telur að líklega hafi hann verið smíðaður einhvers staðar við Húnaflóa og hann sé að minnsta kosti frá því fyrir 1878. En kannski var hann erlendur skipsbátur.

Eins og báturinn er nú eru engin merki um segl eða stýrisbúnað á honum. Líklegt er að hvort tveggja hafi verið til staðar í tíð Björns daskara sem notaði bátinn í nokkuð langar ferðir, oftast hlaðinn varningi.

Björn daskari átti bátinn í meira en tvo áratugi og fór á honum einsamall víða um Húnaflóa og innfirði hans. Oftast hélt Björn sig nærri landi, fór með ströndum. Á bátnum stundaði hann flutninga á varningi milli Stranda og innfjarða við Húnaflóa. Strandamenn voru miklir fiskimenn og smiðir, enda stutt á miðin og nægur rekaviður til smíða. Aðstæður voru hins vegar góðar til búskapar í Miðfirði og þar í kring. Þess vegna sóttust menn eftir vöruskiptum milli þessara


³ Höfundar er ekki getið en sennilega er þetta skráning Þórs Magnússonar.

⁴ káftur?

⁵ Sarpur.is

svæða. Verslun var þó sennilega ekki hægt að stunda óhindrað fyrr en eftir að fullt verslunarfrelsi var innleitt á Íslandi, árið 1855.⁶

Eftir tíma Björns daskara, á fyrri hluta 20. aldar, var byttan ekki notuð til langferða, aðeins til stuttra róðra fram á fjörð. Síðast var byttunni róið árið 1945 og fiskaðist þá vel á hana enda gekk þá enn fiskur inn á firði. Guðmundur í Grafarkoti átti þá byttuna og reri á henni.⁷



Teikning af byttu Björns daskara.⁸

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Björn daskari Guðmundsson

Björn var þekktur maður á sinni tíð, aðallega fyrir ferðir sínar milli Stranda og Vatnsness, sem hann fór á þessum báti, venjulega einn. Hann þótti sérstakur í hugsun og fór sínar leiðir. Hans er getið í ýmsum samtímaheimildum og er góð samantekt um þær í grein eftir Þór Magnússon fyrrv. Þjóðminjavörð, sem fyrst birtist árið 1996.⁹

Björn fæddist á Ströndum sunnanverðum og ól sinn aldur við Húnaflóa lengst af. Hann bjó um hrið í Guðlaugsvík í Hrútafirði, en átti lengi heima á Kárastöðum á Vatnsnesi.¹⁰ Hann kaus hvorki að gerast sjómaður né bóndi eins og flestir ungir menn. Þess í stað varð hann vinnumaður á ýmsum bæjum, fékkst við trésmíðar og stundaði þar á ofan siglingar og kaupmennsku og varð þekktastur fyrir það síðstnefnda. Viðurnefnið „daskari“ var sennilega dregið af orðinu braskari. Björn mun hafa verið ágætlega sáttur við það nafn.

⁶ Lúðvík Kristjánsson bls. 356-7, Þór Magnússon bls. 97-101

⁷ Þór Magnússon bls. 101

⁸ Lúðvík Kristjánsson bls. 358

⁹ Þór Magnússon bls. 95-101

¹⁰ Sarpur.is

Björn var glaðvær maður og rólyndur og tók því sem að höndum bar af æðruleysi þó að stundum hafi hann ekki haft úr miklu að spila. Hann naut þess að ferðast um á byttunni og hefur líklega verið listagóður siglari fyrst hann náði alltaf landi þrátt fyrir misjöfn veður. Hann hafði enn fremur sæmilega gott upp úr kaupmennskunni þótt hann hefði vafalaust notið sín betur hálfri öld síðar eða svo.

Einn samtímamanna Björns lýsti kaupskap hans með þessum hætti: „Hann sótti harðfisk, hákarl, saí, fötur og ýmsa aðra muni norður á Strandir og seldi það hér inni í sveitunum, þó einkum austur í Húnavatnssýslu, og getur vel verið að sumt hafi farið suður í Borgarfjörð. Fyrir þetta fékk hann landvöru, svo sem kjöt og feitmeti, einnig vaðmál og aðra tóvinnu.“¹¹

Til að stunda kaupmennskuna þurfti Björn bát til sjóflutninga og hest til landflutninga og hvort tveggja eignaðist hann. Svo skemmtilega vill til að bytta hans, sú sem hér er um rætt, hefur varðveist og er nú á Byggðasafninu á Reykjum. Uppruni hennar er óþekktur en líklegt er að Björn hafi rekist á hana einhvers staðar á ferðum sínum, fúna eða brotna, og fengið hana fyrir lítið.

Báturinn var venjulega kallaður bytta sem táknaði lítinn bát. Þótti með ólíkndum að nokkur maður skyndi sigla um allan Húnaflóa á svo lítilli fleytu. Um 1897 fór 10 ára drengur um borð í byttuna og „lagðist hún þá á keipana“ eins og hann orðaði það. Kvaðst hann þá hafa sagt við Björn að byttan væri völt. „Já, en hún fer ekki lengra,“ sagði Björn þá.¹²

Björn þótti djarfur í sjóferðum sínum á byttunni og sigldi hann henni í flestum veðrum. Hann lenti í ýmsu en bjargaðist alltaf. Einn sjónarvotta, sem bjó á Hvammstanga, lýsti honum á þessa leið:

„... stundum sigldi hann í hvössu veðri en þegar hann sté á land var hann glaður og reifur, eins og hann kæmi af einhverjum skemmtivelli en ekki ólgandi sjó. Og ef einhver sagði við hann: Fékkstu ekki hvasst, Björn minn? Þá var svarið: Og svei því, kornið! Eða: Ansinn hafi það.“¹³

Ein sagan af svaðilförum Björns er höfð eftir Thor Jensen kaupmanni sem þá var að koma til Íslands í fyrsta skipti, sem ungur drengur. Hún var á þessa leið:

„Einn daginn hittum við af hreinni hendingu mann á smákænu í ísnum. Ísinn var á útleið úr flóanum og bátkænan barst með til hafs. Við björguðum bæði manni og bát. Hann hafði verið að skjóta sel, til þess að reyna að ná sér í matbjörg. Sennilega hefði hann ekki náð landi, ef við hefðum ekki rekist á hann þarna. Þetta var roskinn maður, Björn að nafni, og var stundum nefndur Björn „daskari“, lítill vexti, knálegur maður, dökkur á brún og brá.“¹⁴

Síðar bætti Thor við söguna að Björn hefði legið sofandi á ísjaka þegar þeir komu að honum og hafi hann haft byttuna bundna við fót sér.

¹¹ Þór Magnússon bls. 97 (Guðbjörg Jónsdóttir)

¹² Þór Magnússon bls. 99

¹³ Þór Magnússon bls. 98 (Sigurbjörg Hannesdóttir)

¹⁴ *Búðardrengurinn á Borðeyri*

Björn daskari var ekki upphafsmaður þess að stunda kaupferðir milli Stranda og Miðfjarðar. Þær hófust strax 900 árum áður, á söguöld, eins og fram kemur í Bandamannasögu. Einnig mun maður að nafni Jón Pétursson í Stóru-Ávík (d. 1920) hafa farið nokkrar slíkar ferðir, sennilega eftir tíð Björns daskara.¹⁵

Guðmundur í Grafarkoti

Síðasti eigandi byttunnar, Guðmundur Guðmundsson bóndi í Grafarkoti, Miðfirði, var mikill veiðimaður, einkum orðlögð sela- og refaskytta. Skaut hann tíðum seli á byttunni og dró á henni margan fiskinn einnig meðan enn gekk fiskur í Miðfjörðinn.¹⁶

22. Ástand báts: Gott / sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Sennilega er báturinn upprunalegur.¹⁷ Ólíklegt er að honum hafi verið breytt mikið í tímans rás, þótt hann hafi fengið nauðsynlegt viðhald. Meðal þess sem gæti hafa breyst eru ræðin, því að um 1878 eru Norðlendingar fyrst að taka upp samskonar ræði og nú eru á honum. Aftur í skut er set sem er seinni tíma smíð.¹⁸

24. Viðhald og viðgerðir:

Jón nokkur Þórðarson húsasmiður mun hafa gert allverulega við bátinn, líklegast um 1907.¹⁹ Og vafalaust hefur verið dyttað að honum nokkrum sinnum síðan.

Báturinn hefur verið tjargaður nýlega og lítur ágætlega út sem sýningargripur, en er ófær til sjóferða, að sögn Þórs Magnússonar.²⁰

25. Heimildir:

- Lúðvík Kristjánsson: Íslenskir sjávarhættir II, Rvk. 1978.
- Þór Magnússon: *Bytta Björns „daskara.“* Á minjaslóð. Rvk. 2007.
- Jón Allansson: Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en minjasafna. Skýrsla. Rvk. haust 1995
- Safnskrá Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna.
- sarpur.is
- „Búðardrengurinn á Borðeyri.“ Viðtal við Thor Jensen. Lesbók Morgunblaðsins 4.12. 1938
- Thor Jensen: Minningar I-II. Skrásett hefur Valtýr Stefánsson, Rvk. 1954-55.

26. Varðveislustaða: Safngripur, aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Forvitnilegur bátur. Heimildir um uppruna hans vantar en þær eru nokkuð ítarlegar um notkun hans.

¹⁵ Þór Magnússon bls. 101

¹⁶ Þór Magnússon bls. 100

¹⁷ Lúðvík Kristjánsson bls. 357

¹⁸ Sarpur.is

¹⁹ Þór Magnússon bls. 100

²⁰ Sarpur.is



Bytta Björns daskara, 2017. Horft ofan í skutinn á neðri myndinni. Ljósma.: HMS



Hindisvíkurbáturinn, 2017. Ljós. HMS

Hindisvíkurbáturinn

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur; fjögurra manna far

3. Hlutverk: Veiðibátur; einkum sel- og hrognkelsaveiðar

4. Eigandi: Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna, Reykjum

5. Fyrri eigendur:

- Sigurður Jónsson bóndi, Hindisvík

6. Varðveislustaður: Hús Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Borðeyri

7. Smíðaár: 1876



8. Smiður: Ólafur Jónsson (1826 – 1906), Gnýstöðum á Vatnsnesi, V-Hún.

9. Smíðastaður: Hindisvík á Vatnsnesi

10. Brúttórúmllestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 5,6 x 1,59 x 0,5 ²¹

²¹ Lúðvík Kristjánsson bls. 359



Hindisvíkurbáturinn. Teiknari: BB.²²

²² Lúðvík Kristjánsson bls. 360

12. Smíðaefni og samsetning skrokks:

Viður; súðbyrtur; stefni eru í einu lagi, blaðskeytt við kjöl

13. Skrokklag:

Lýsing Lúðvíks Kristjánssonar á bátnum er á þessa leið:

„Bát þennan má fremur telja stokkreistan en skábyrtan. Á honum er skemmtilegur ásláttur, nokkuð þunnur til stafna, en þó einkum að neðan – meira lotaður á afturstefni, árléttur og ganggóður undir segli hæfilega hlaðinn – lipur, en líklega nokkuð ágjöfull.“²³

Skýringar:

stokkreistur fremur en skábyrtur: Efstu borðin í byrðingnum eru nálægt því að vera lóðrétt (stokkur = borð; reist = upprétt)(skábyrtur = með hallandi byrðing)

á honum er skemmtilegur ásláttur: **ath.**

meira lotaður á afturstefni: Afturstefnið hallast meira fram en framstefnið

ágjöfull: gjarn á að fá inn á sig öldu

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Mastrið hefur verið í sæti fyrir framan andófsþóftu skv. Lúðvík Kristjánssyni.²⁴ (Andófsþófta = framþófta)

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Bátur þessi er smíðaður í Hindisvík á Vatnsnesi 1876 fyrir Sigurð Jónsson bónda þar. Stærð hans er í kringum meðalstærð feræringa í Húnavatnssýslu um aldamótin 1900. Báturinn var einkum notaður til sel- og hrognkelsaveiði.²⁵

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Ólafur Jónsson (1826–1906) bátasmiður bjó á Gnýstöðum á Vatnsnesi. Hann fluttist af Ströndum á Vatnsnes og varð einn afkastamesti bátasmiður við innanverðan Húnaflóa á seinni helmingi 19. aldar. Talið er að Ólafur hafi smíðað um 120 báta af ýmsum stærðum og þeir hafi yfirleitt verið með því lagi sem er á Hindisvíkurbátnum.²⁶

Hindisvík er nú eyðibýli á Vatnsnesi í V-Húnavatnssýslu. Þar var áður prestsetur. Bærinn stendur við samnefnda vík. Hindisvík var mikil hlunnindajörð og er þar stórt selalátur sem hefur verið friðað lengi. Sigurður Nordal prófessor var frá Hindisvík.²⁷

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

²³ Lúðvík Kristjánsson bls. 359

²⁴ Lúðvík Kristjánsson bls. 359

²⁵ Lúðvík Kristjánsson bls. 359; Jón Allansson bls. 28

²⁶ Lúðvík Kristjánsson bls. 359

²⁷ Wikipedia.org

24. Viðhald og viðgerðir:

Báturinn var árið 1919 smíðaður upp.²⁸ Dóttursonur bátasmiðsins, Ólafur Jónsson, skipti um eina fjöl í senn og er báturinn því óbreyttur að laginu til.²⁹ Eðvald Halldórsson gerði síðan við hann er hann kom til safnsins.

25. Heimildir:

- Lúðvík Kristjánsson: Íslenskir sjávarhættir II, Rvk. 1978
- Jón Allansson: Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en minjasafna. Skýrsla. Rvk. haust 1995
- Þór Magnússon: Á sagnaslóð. Rvk. 2007.
- Benjamín Kristinsson safnvörður: tölvupóstur til HMS dags. 22.3. 2018
- wikipedia.org 10.4. 2018

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Báturinn er mikilvæg heimild um sjósókn við Húnflóa á 19. öld og fyrri hluta þeirrar 20. Hann er einnig mikilvæg heimild um báta sem Ólafur Jónsson smíðaði.



Hindisvíkurbáturinn árið 1964, líklega áður en byggðasafnið á Reykjum tók við honum. Ljós.: Þór Magnússon.³⁰


²⁸ Þór Magnússon bls. 185

²⁹ Benjamín Kristinsson safnvörður tölvupóstur

³⁰ Myndin er í bók Þórs Magnússonar, Á sagnaslóð, bls. 185



Hindisvíkurbáturinn uppgerður í geymslu byggðasafnsins, 2017. Ljós.: HMS



Hindisvíkurbáturinn, yfirlitsteikning. ³¹



Hindisvíkurbáturinn, aftursteefni og framsteefni, 2018. Ljós.: HMS

³¹ Lúðvík Kristjánsson bls. 361



Feræringurinn Björg frá Bergsstöðum, 2017. Ljósma.: HMS

Björg

1. Safnnúmer: 675

2. Tegund: Árabátur; þrjú ræði á hvort borð

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna, Reykjum

5. Fyrri eigendur:

- 1897: Teitur Halldórsson á Skarði (-1920), Vatnsnesi, síðar á Bergsstöðum (fyrsti eigandi)

- 1920: Pétur Teitsson, sonur hans (1895-1991)³² (gaf safninu bátinn)

6. Varðveislustaður: Húsnæði Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Borðeyri

7. Smíðaár: 1897

8. Smiður: Guðmundur Bárðarson



9. Smíðastaður: Kollafjarðarnes, Ströndum

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 6,1 x 1,54 x 0,61 ³³

³² Sarpur.is 9.4. 2018

³³ Lúðvík Kristjánsson bls. 353



Björg frá Bergstöðum. Teiknari: BB.³⁴

³⁴ Lúðvík Kristjánsson bls. 354

12. Smíðaefni og samsetning skrokks:

Viður; súðbyrtur; bönd bátsins eru meira og minna seymd með trénöglum, sem er einstakt á Íslandi.³⁵

13. Skrokklag: Mjór, kjölstuttur en lotamikill, fremur stokkreistur.³⁶

Almenn lýsing:

Samkvæmt Lúðvík Kristjánssyni eru bátarnir Björg og Kristín nánast eins og gildir því lýsingin á öðrum þeirra um hinn líka. Björg er 40 sm styttri en Kristín en hlutföllin svipuð. Lýsing Lúðvíks á bátunum er á þessa leið:

„Þeir eru mjög stokkreistir, fremur kjölstuttir, mjög lotamiklir, tiltölulega beinir á síðu, ákaflega mjóir miðað við lengd, dálítið reistir til enda, en þunnir, og hafa ekki tekið á sig mikinn sjó, þróttlitlir, lausir – valtir - tómir, en hafa hlaðist fljótt og festst, verið léttir undir árum og seglum en afburðalítillir til að beita þeim mikið á siglingu.“³⁷

Merking orða:

Stokkreistur: Sagt um efstu borðin á byrðingnum, þau séu reist (stokkreistur er andsæða við skábyrtan)³⁸

Lotamikill: Stefnin hallast mikið fram (lota: hallast fram)

Beinn á síðu: Síðurnar eru ekki mikið sveigðar.

Einn helsti kostur bátanna var að létt var að róa þeim, skv. Lúðvík Kristjánssyni. Það samræmist skoðun Skúla Benediktssonar sem sagði leikandi létt fyrir einn mann að róa þeim. Á hinn bóginn voru þeir fremur veikbyggðir og dugðu þess vegna ekki mjög vel í úfnum sjó. Þeir hentuðu þess vegna betur innfjarðar.

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

Ein sigla; hún hefur ekki varðveist en tekið er úr þóftu fyrir henni.³⁹

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

³⁵ Lúðvík Kristjánsson bls. 353

³⁶ Skv. mati Lúðvíks Kristjánssonar bls. 353

³⁷ Lúðvík Kristjánsson bls. 353

³⁸ „... má fremur telja hann stokkreistan en skábyrtan“ (Lúðvík um Hindisvíkurbátinn bls. 359)

³⁹ Lúðvík Kristjánsson bls. 353

Björg er 6,10 m að lengd og getur því talist feræringur í stærra lagi, að mati Lúðvíks Kristjánssonar.⁴⁰

Báturinn reyndist farsæll og færði mikla björg í bú Teits og konu hans, Ingibjargar Árnadóttur. Þau bjuggu litlu búi en höfðu stóran barnahóp að fæða, börn þeirra voru 15.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Smiður bátsins, Guðmundur Bárðarson

Guðmundur Bárðarson (1844 -1916) var bóndi, bátasmiður og hreppstjóri. Hann tók við búi foreldra sinna í Kálfavík 1867, fluttist að Kollafjarðarnesi 1882, en bjó frá 1902 á Bæ í Hrútafirði. Hann var stórbóndi og hafði margar jarðir undir, smiður góður, einkum á skip og báta, hýsti vel og bætti býli sín. Hann gegndi ýmsum sveitarstörfum. Var efnamaður, en þó hjálpsamur. Kona (1870): Guðrún Ólafsdóttir hattara á Eyri í Skötufirði, Ólafssonar.⁴¹

Um fyrsta eiganda bátsins, Teit Halldórsson, og Ingibjörgu Árnadóttur konu hans

Teitur og Ingibjörg byrjuðu búskap í Dalkoti á Vatnsnesi, fluttust þaðan að Skarði, en síðan að Bergsstöðum í sömu sveit, árið 1897, og bjuggu þar yfir 20 ár. Hann andaðist árið 1920 og hófu þá synir þeirra hjóna búskap á Bergsstöðum.

Efni þeirra Teits og Ingibjargar voru mjög lítil, þegar þau byrjuðu búskapinn. Nokkur fyrstu árin höfðu þau aðeins eina kú, eitt hross og fáeinar kindur. Reyndist þeim því erfitt að framfleyta ört stækkandi barnahóp, en þau eignuðust 15 börn sem öll komust til fullorðinsára. Teitur aflaði sér oft nokkurra tekna með vinnu utan heimilis auk þess sem hann fór í róðra á Björgu. Oft mun matur og klæðnaður þó hafa verið í naumasta lagi á heimilinu og skortur var á flestu sem taldist til nauðsynja. Þau hjón vildu þó sem minnst leita hjálpar annarra en urðu í eitt skipti að þiggja sveitarstyrk, sem þau endurgreiddu nokkrum árum síðar.⁴²

22. Ástand báts: Sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Þegar ákveðið var að varðveita bátinn var hann mjög illa farinn, sérstaklega var botninn lélegur, orðinn fúahismi. Eðvald Halldórsson gerði þá við hann en skipti aðeins um það sem var alveg ónýtt. Björg var þannig endurbætt flutt í safnið á Reykjum 1974.⁴³

25. Heimildir:

- Lúðvík Kristjánsson: Íslenskir sjávarhættir II, Rvk. 1978, s. 353-4
- Jón Allansson: Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en minjasafna. Skýrsla. Rvk. haust 1995
- Safnskrá Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna. Bók nr. II

⁴⁰ Lúðvík Kristjánsson bls. 359

⁴¹ Páll Eggert Ólason bls. 126

⁴² *Afmæli*. Tíminn 27. ágúst 1943 (að nokkru leyti orðrétt)


⁴³ Lúðvík Kristjánsson bls. 353

- Páll Eggert Ólason: Íslenskar æviskrár II. Rvk. 1949
- sarpur.is 9.4. 2018
- *Afmæli*. Tíminn 27. ágúst 1943

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Forvitnilegur bátur, m.a. fyrir atvinnusögu Stranda og Húnavatnssýslu. Bönd bátsins eru meira og minna seymd með trénöglum, sem er einstakt á Íslandi.



Árabáturinn Björg, 2017. Á efri mynd er framstefnið. Litamunur á viðum sýnir hvar skipt var um í síðustu viðgerð. Á neðri mynd sést ofan í bátinn. Ljósmynd. HMS



Árabáturinn Kristín, 2017. Vörubretti eru geymd ofan á honum. Ljósni.: HMS

Kristín

1. Safnnúmer: 677

2. Tegund: Árabátur; þrjú ræði á hvort borð

3. Hlutverk: Fiskveiðar og flutningar

4. Eigandi: Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna, Reykjum

5. Fyrri eigendur:

- 1903-1916: Guðmundar Bárðarson bóndi og bátasmiður
- 1916-1922: Guðmundur G. Bárðason náttúrufræðingur
- 1922-1954: Guðjón Guðmundsson bóndi á Ljótunnarstöðum (1867-1954)
- 1954-1976: Skúli Guðjónsson, sonur hans (1903-1986), bóndi á sama stað
- 1976: Skúli gaf safninu á Reykjum bátinn

6. Varðveislustaður: Húsnæði Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Borðeyri

7. Smíðaár: Veturinn 1902-1903

8. Smiður: Guðmundur Bárðason (1844 -1916) Með honum sem lærlingur var frændi hans, Bárður G. Tómasson, síðar skipaverkfræðingur.


9. Smíðastaður: Kollafjarðarnes, Kollafirði á Ströndum

10. Brúttórúmllestir:


11. Lengd, breidd og dýpt í m: 6,51 x 1,56 x 0,57 ⁴⁴

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Viður; súðbyrtur

⁴⁴ Lúðvík Kristjánsson bls. 355



Árabáturinn Kristín. Teiknari: BB.⁴⁵



Árabáturinn Kristín. Teiknari: BB.⁴⁶

⁴⁵ Lúðvík Kristjánsson bls. 356

⁴⁶ Lúðvík Kristjánsson bls. 356

13. Skrokklag:

Skv. Lúðvík Kristjánssyni eru bátarnir Kristín og Björg nánast eins og lýsir hann þeim á þessa lund:

„Þeir eru mjög stokkreistir, fremur kjölstuttir, mjög lotamiklir, tiltölulega beinir á síðu, ákaflega mjóir miðað við lengd, dálítið reistir til enda, en þunnir, og hafa ekki tekið á sig mikinn sjó, þróttlitlir, lausir – valtir – tómir, en hafa hlaðist fljótt og festst, verið léttir undir árum og seglum en afburðalitlir til að beita þeim mikið á siglingu.“⁴⁷

Sjá skýringar við þessa lýsingu í kaflanum um Björgu.

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður: Tekið er úr þóftu fyrir mastri

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Þetta var síðasti báturinn af mörgum sem Guðmundur Bárðarson smíðaði. Báturinn er feræringur í stærsta lagi, eða 50 sm lengri en meðallengd slíkra báta sem um aldamótin 1900, enda sexróinn.

Eftir daga Guðmundar bátasmiðs eignaðist bátinn Guðmundur G. Bárðarson, sonur hans, náttúrufræðingur. Hann flutti til Akureyrar 1921 og hafði bátinn með sér þangað en fór með hann til baka, 1922 eða 1923, og gaf hann Guðjóni Guðmundssyni bónda á Ljótunnarstöðum, Hrútafirði.


Guðjón og sonur hans, Skúli, réru Kristínu til fiskjar, mest á haustin, allt til 1945, auk þess sem þeir stunduðu á honum hrognkelsaveiðar og notuðu hann til flutninga úr kaupstað á Borðeyri. Var talið að hann bæri fimm hestburði eða hálf tonn.⁴⁸

Skúli missti sjónina árið 1946 og þar með lauk sjómennsku hans að mestu leyti. Báturinn var þó gerður út áfram næstu 20 árin, einkum á sel- og hrognkelsaveiðar. Skúli gaf safninu á Reykjum bátinn 1976, en þá hafði hann ekki verið notaður í áratug.⁴⁹

⁴⁷ Lúðvík Kristjánsson bls. 353

⁴⁸ Sarpur.is 10.4. 2018

⁴⁹ Lúðvík Kristjánsson bls. 355



Árabáturinn Kristín, yfirlitsteikning. Teiknari: BB.⁵⁰

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Guðmundur Bárðarson bátasmiður: Sjá um hann í kaflanum um bátinn Björgu.

Guðmundur G. Bárðarson (1880 –1933)

Guðmundur var náttúrufræðingur. Hann átti bátinn um tíma. Faðir hans var Guðmundur Bárðarson bóndi og bátasmiður og ólst hann upp hjá honum á Kollafjarðarnesi í Strandasýslu. Guðmundur yngri var að mestu sjálfmenntaður í fræðum sínum. Hann giftist Helgu Finnsdóttur frá Kjörseyri, Hrútafirði, 1906 og stóð þar fyrir búi í nokkur ár. Hann átti bátinn á árunum 1916-1922. Árið 1921 fluttist hann til Akureyrar og gerðist kennari í náttúrufræði við gagnfræðaskólann þar.⁵¹

Skúli Guðjónsson (1903-1986)

Skúli var bóndi og rithöfundur á Ljótunnarstöðum við Hrútafjörð, réri lengi á Kristínu og átti hana síðustu áratugina. Í viðauka eru kaflar úr æfisögu hans.

22. Ástand báts: Gott / sæmilegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Lúðvík Kristjánsson: Íslenskir sjávarhættir II, bls. 355-357
- Jón Allansson: Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en minjasafna. Skýrsla. Rvk. haust 1995
- Safnskrá Byggðasafnsins að Reykjum

⁵⁰ Lúðvík Kristjánsson bls. 357

⁵¹ Wikipedia.org 10.4. 2018

- sarpur.is 10.4. 2018
- wikipedia.org 10.4. 2018
- „Hver liðin stund er lögð í sjóð.“ Ævisaga Skúla Guðjónssonar frá Ljótunnarstöðum. Rvk. 1982.

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn: Áhugaverð saga; áhugaverður bátasmiður.



Árabáturinn Kristín, skutur. Báturinn er geymdur við þröngar aðstæður, eins og sjá má má á myndinni, sem tekin var 2017. Ljósm. HMS



Stígandi, 2017. Ljósmynd. HMS

Stígandi

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur, fjögurra manna far

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna, Reykjum

5. Fyrri eigendur:

- 1915: Teitur Jóhannsson, bóndi á Almenningi, Vatnsnesi

- 1937: Guðmundur Eiríksson

- Þórarinn Guðmundsson, bóndi á Valdalæk

6. Varðveislustaður: Hús Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Borðeyri

7. Smíðaár: Um 1915

8. Smiður: Ólafur Guðmundsson bátasmiður, Hvammstanga

9. Smíðastaður: Hvammstangi

10. Brúttórúmllestir:

11. Lengd og breidd í m: 6,30 x 1,75

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag:

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

Honum var siglt á sínum tíma en seglabúnaðurinn er ekki til staðar lengur.

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:



Árabáturinn Stígandi, framstefni og barki, 2017. Ljósmynd: HMS

20. Notkunarsaga:

Ólafur Guðmundsson, bátasmiður á Hvammstanga, smíðaði bátinn fyrir Teit Jóhannsson bónda á Almenni líklega um 1915.

Guðmundur Eiríksson bóndi á Valdalæk keypti bátinn rétt fyrir seinna stríð, eða í kringum 1937, og var hann á Valdalæk síðan. Síðasti eigandi bátsins var Þórarinn Guðmundsson, bóndi á Valdalæk, sonur Guðmundar Eiríkssonar. Eftir að Þórarinn hætti að róa honum, á áttunda áratugnum, var honum lagt í fjöruna fyrir neðan Valdalæk og lá hann þar í allmörg ár. Árið 1995 var hann enn vel með farinn og nær ófúinn en farinn að grotna á efstu borðum.

Upprunalega var báturinn með seglabúnaði en hann glataðist, sennilega á 9. áratugnum.

Árið 1995 hafði Jón Allansson samband við Þórarin Guðmundsson og fregnaði þá að Benjamín Kristinsson bóndi á Þorfinnsstöðum hefði sótt bátinn fyrir nokkrum dögum síðan og væri búinn að setja hann í hús þar sem gera ætti við hann. Er viðgerð á honum væri lokið færi hann til Byggðasafnsins á Reykjum.⁵²

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

22. Ástand báts: Sæmilegt. Hann lítur heillega út en málning á honum er mjög flögnuð og óljóst með ástand viðarins.

25. Heimildir:

- Jón Allansson: Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en minjasafna. Skýrsla. Rvk. haust 1995
- Benjamín Kristinsson safnvörður Reykjum: tölvupóstur til HMS 22.3. 2018
- Veiðidagbók Stíganda. Í einkaeigu.

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:



Árabáturinn Stígandi, afturstefni, 2017. Ljós. HMS

⁵² Jón Allansson bls. 29

Þetta fjórk egg flugastara Batin					Flutt				
á skip	þorsk	smáfisk	ýsa	árið 1919	á skip	þorsk	smáfisk	ýsa	árið 1920
152	10	66	63	Flutt Lúður	140	6	11	4	
117	8	43	66	1	107	10	40	—	
218	27	124	67		220	6	276	22	1
126	8	103	52	1	87	6	25	20	
178	18	43	90		87	6	54	20	
134	14	88	32		240	12	130	33	
117	8	44	65	1	160	12	81	42	
163	16	69	78		233	8	184	28	
159	20	61	78	1	159	7	59	27	
98	10	43	45		95	6	61	46	2
103	10	72	21		255	6	225	20	
					168	11	106	68	
					204	0	197	34	Hjort set eg no kluu
1545	149	754	657	4	158	2	125	30	af smáfiski 1.
					158	7	43	35	
					165	16	31	67	42
					87	1	88	16	70
					62	2	73	6	54 1
					33	1	26	21	11
					22	2	164	10	12
					2981	138	1976	589	6

Úr veiðidagbók Stíganda, 1921. Hér má m.a. lesa: „Aflaskýrsla. Þetta aflaðist á bátinn Stíganda árið 1921.“ Aflinn var flokkaður í þorsk, smáfisk, ýsu og lúðu. Langmest var af smáfiskinum, sem svo var kallaður og hefur sennilega verið allar tegundir undir vissri stærð, þorskur, ýsa, koli, smáufsi o.fl. Upp úr miðri 20. öld dró úr fiskgengd í Húnaflóa. Ljósm. 2018: Byggðasafnið að Reykjum / Benjamín Kristinsson.



Vatnabátur frá Efri-Fitjum, 2017. Ljósm. HMS

Vatnabátur frá Efri-Fitjum

1. Safnnúmer: 1241
2. Tegund: Árabátur
3. Hlutverk: Vatnaveiði
4. Eigandi: Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna, Reykjum
5. Fyrri eigendur:
6. Varðveislustaður: Á sýningunni á byggðasafninu að Reykjum
7. Smíðaár: 1920-1945 ⁵³
8. Smiður: Jóhannes Árnason, Efri-Fitjum ⁵⁴
9. Smíðastaður: Efri-Fitjar, Fitjadal, Vestur-Húnavatnssýsla.
10. Brúttórúmllestir:
11. Lengd, breidd og dýpt í m: 4,82 x 1,43 x 0,71 ⁵⁵
12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Viður; súðbyrtur
13. Skrokklag: Með afturgafi
14. Þilför:
15. Yfirbygging:
16. Lokuð rými:

⁵³ Skv. sarpur.is er það 1920-1945. Samkvæmt Jóni Allanssyni er smíðaárið 1940.

⁵⁴ Jón Allansson bls. 23. Morgunblaðið 7.1. 2008

⁵⁵ Sarpur.is. Skv. Jóni Allanssyni er báturinn 3,25 m að lengd, breidd stefnis 0,34 m og skuts 1,14 m.

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Mest mun báturinn hafa verið notaður á Réttarvatni á Arnarvatnsheiði. Hann er í tvennu lagi til að auðvelda flutning á honum á hestum. Helmingarnir voru festir saman með krókum á hvorri síðu og einnig var hann skrúfaður saman með boltum.⁵⁶

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Réttarvatn. Silungsveiðin í vötnunum á Arnarvatnsheiði var bændum dýrmæt hlunnindi. Jónas Hallgrímsson orti um vatnið þekkt kvæði:

Réttarvatn

Efst á Arnarvatnshæðum
oft hef ég klári beitt;
þar er allt þakið í vötnum,
þar heitir Réttarvatn eitt.

Og undir Norðurásnum
er ofurlítil tó,
og lækur líður þar niður
um lágan Hvannamó.

Á öngum stað eg uni
eins vel og þessum mér;
ískaldur Eiríksjökull
veit allt sem talað er hér.⁵⁷

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Hann er sennilega óbreyttur.

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Safnskrá Byggðsafns Húnavetninga og Strandamanna, bók nr. 2
- sarpur.is 5.4. 2018
- Morgunblaðið 7.1. 2008
- bragi.is 5.4. 2018
- Jón Allansson: Bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en minjasafna. Skýrsla. Rvk. haust 1995


26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

⁵⁶ Sarpur.is

⁵⁷ bragi.is 5.4. 2018

Báturinn er heimild um silungsveiðar á Arnarvatnsheiði sem voru mikilvæg hlunnindi. Báturinn er óvenjulega hannaður.



Miði við vatnabátinn frá Efri-Fitjum á sýningu byggðasafnsins. Ljós.: HMS 2017



Vatnabátur frá Efri-Fitjum á sýningu byggðasafnsins, 2017. Glögglega má sjá samsetninguna. Ljós.: HMS



Trillan Sæfari á sýningu byggðasafnsins á Reykjum, 2017. Ljósmynd: HMS

Sæfari

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Opinn vélbátur

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: Byggðasafn Húnvetninga og Strandamanna, Reykjum

5. Fyrri eigendur:

- 1940: Eðvald Halldórsson, þá bóndi í Mörk við Hvammstanga.
- 1940-41: Jóhannes Sigurðsson, Illugastöðum á Vatnsnesi.
- 1942: Eðvald Halldórsson.
- 1944: Þórhallur Jakobsson og synir hans, Ánastöðum.

6. Varðveislustaður: Á sýningu á Byggðasafninu Reykjum

7. Smíðaár: 1940

8. Smiður: Eðvald Halldórsson

9. Smíðastaður: Mörk við Hvammstanga

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 6,08 x 1,73 x 0,68

12. Smíðaefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrtur, með höggnum böndum

13. Skrokklag:

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými: vélarhús

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél: Sænsk Solo-vél

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Skömmu eftir að smíði bátsins var lokið, 1940, seldi Eðvald bátinn Jóhannesi Sigurðssyni sem þá var til heimilis að Illugastöðum á Vatnsnesi. Jóhannes flutti til Reykjavíkur 1941 eða 1942 og komst þá báturinn aftur í eigu Eðvalds. Eðvald seldi bátinn árið 1944 feðgunum á Ánastöðum, Vatnsnesi, V-Húnavatnssýslu.

Sæfara var haldið til fiskjar frá Ánastöðum lengst af, einkum á haustin, fram undir 1960 eða þar til fiskur hvarf úr innanverðum Húnaflóa. Báturinn var mikil happafleyta og bar oft drjúgan afla að landi.⁵⁸

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Eðvald Halldórsson (1903-1994) var sjómaður og bóndi en fékkst einnig við smíðar, söðlasmíðar um skeið en þó aðallega bátasmíðar. Hann þótti verkagur maður.

Eðvald þótti góður sjómaður og varð formaður á árabát aðeins 16 ára gamall. Síðar stjórnaði hann stærri bátum. Hann lærði bátsmíði hjá Ólafi Guðmundssyni í kaupfélaginu á Hvammstanga og smíðaði eða var yfirsmíður að 61 bát, öllum litlum, rónum eða með vél. Honum líkaði vel bátasmíðin, sagði að hún væri lífræn en krefjandi, hann þyrfti að hafa hugann vel við hana til að sæmilegt lag yrði á bátunum. Hann studdist aldrei við teikningar, að eigin sögn, hefur sennilega notað málín á fyrri bátum og haft skapalón.⁵⁹

Eðvald hafði einnig glögggt auga fyrir sögulegum verðmætum og fróðleik og hélt til haga og safnaði saman ýmsum skjölum til varðveislu. Hann var virkur í sögufélagi Húnavetninga, tók m.a. fjölda viðtala á þess vegum sem varðveist hafa hjá ismus. Einnig lagfærði hann og endursmíðaði gamla báta, m.a. á vegum Byggðasafnsins á Reykjum.⁶⁰

Eðvald og kona hans, Sesilía, bjuggu fyrst á Hvammstanga. Síðan byggðu þau bæinn Mörk, rétt fyrir utan þorpið, og árið 1945 fluttu þau að bænum Stöpum á Vatnsnesi. 1972 fluttu þau aftur til Hvammstanga og byggðu þar húsið Framnes. Þar var hægt að hafa bát í fjörunni fyrir neðan, en menn minntust þess ekki að Eðvald hafi nokkru sinni verið án þess að eiga bát, því að hann vildi geta komist á sjó þegar svo horfði við.⁶¹

⁵⁸ Benjamín Kristinsson safnvörður 2018

⁵⁹ ismus.is 10.4. 2018

⁶⁰ Ismus.is 10.4. 2018

⁶¹ Páll V. Daníelsson: Minningargrein Morgunblaðið 8. okt. 1994



Eðvald Halldórsson og Sesilía Guðmundsdóttir, kona hans. Ljósmynd: Morgunblaðið 1994

Ánastaðir, heimahöfn Sæfara, eru fornt býli í Vestur-Húnavatnssýslu á Vatnsnesi vestanverðu, gegnt enda Heggstaðaness. Jörðin er stór og liggur vel við sjó, og þar voru bæði verbúðir og hjáleigur fyrr á tíð.

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir: Hann er nýlega viðgerður (árið 2017)

25. Heimildir:

- Benjamín Kristinsson safnvörður Reykjum: tölvupóstur til HMS 22. mars 2018
- ismus.is: Eðvald Halldórsson. Efnisorð: Búferlaflutningar og bátasmíðar
- Páll V. Daníelsson: Minningargrein, Morgunblaðið 8. okt. 1994 s. 33

26. Varðveislustaða: Safngripur; aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Þetta er eini vélbátur, trilla, safnsins. Hann á sér merkilega sögu og smiður hans, Eðvald Halldórsson, var afkastamikill á sinni tíð.



Skrúfa og stýri Sæfara, 2017. Ljósmynd: HMS



Horft ofan í Sæfara, 2017. Ljósm. HMS



Skúli Guðjónsson bóndi og rithöfundur. Ljósmynd: ismus

Viðauki:

Kaflar úr ævisögu Skúla á Ljótunnarstöðum

Eiganda Kristínar

Um róðra feðganna á Ljótunnarstöðum, Guðjóns og Skúla

Hátt á þriðja áratug eftir þessa fyrstu vertíð, 1917, rerum við pabbi til fiskjar að sumri, en þó aðallega á haustin og framan af vetri, jafnvel fram undir jól.

Oftast vorum við tveir á báti. Þó kom það fyrir að þriðji maður flyti með og þá helst grannar sem gjarnan vildu fá sér í soðið.

Venjulega vorum við á færi. Þó rerum við stundum með lóðir síðla hausts og framan af vetri, þegar smokkur fékkst. Stöku sinnum tíndum við krækling og beittum. En það var kaldsamt verk og seinunnið, því lítið var um krækling og hann smár.

Ekki minnst ég þess að við lentum í verulegum lífsháska í þessum sjóferðum. Þó hefir kannske legið nærri stundum. Það var þá helst þegar snögglega hvessti af norðri og við sigldum inn allan fjörð og heim. Eins gat hann stundum verið æði hvass, þegar hann gekk upp af mikilli skyndingu af landsuðri og það var komið hávaðarok eftir fáein skinnaköst. Við reyndum þá aldrei að komast heim heldur sigldum uppundir, annað hvort að Litlu-Hvalsá eða Borgum og það lá betur við ef við vorum utarlega á firðinum. Og pabbi var þar öllum leiðum kunnugur, því þar ólst hann upp. Það kom því oft fyrir að við gistum á þessum bæjum og biðum þess að aftur kæmi sjóveður. En stundum urðum við þó að ganga frá, því lengur en eina nótt biðum við ekki.

Raunar held ég að suðaustan áttin hafi verið langalgengust. Þá var venjulega logn eða sunnan andvari að morgni en færðist svo í suðvestrið með skúrum og éljum, þegar á daginn leið. Og það hvessti ævinlega í skúrirnar, eða élin, eins og hann gerir enn í dag.

En það var sjaldan svo hvasst að ekki mætti sitja undir færi eða draga lóðir úr sjó, þó andófið hjá mér gæti orðið töluvert strembið í hryðjunum.

Þegar haldi var af stað heim var vejulega róið uppundir og hyllst til að leggja af stað um leið og élinu létti. Þegar við vorum komnir upp undir skriðum við inn með landinu, eins nærri og fært þótti. Væri hásjávað gátum við komist í Eyjasundið en annars þurftum við að róa fram fyrir Eyjató og þá gat orðið strembið að komast upp í víkina, því þá stóð beint á hnýfil og gat meira að segja drifið yfir bátinn að framan, svo ég, sem alltaf réri á hálsþóftunni, rennvöknaði. Þegar við svo loksins lentum niður undan Naustinu máttum við eiga það víst að mamma væri þar fyrir með kaffi og heitar pönnukökur.

Um bátinn Kristínu

Líklega hefir það verið árið 1923 sem við fengum annan bát og þar með lauk hlutverki litla bátsins, sem hafði reynst svo mikil happaskel.

Báturinn sem kom í stað Bjargar var okkur vel kunnur. Hann var smíðaður af Guðmundi Bárðarsyni eldra og var jafnaldri minn. Síðar komst hann í eigu Guðmundar yngra og þegar hann fluttist til Akureyrar, 1920, tók hann bátinn með sér. En eftir tvö ár sendi hann bátinn heim að Bæ. Honum sagðist svo frá að hann hefði ekki haft neinn frið með hann þar nyrðra, en vildi vita hann í góðra manna höndum. Bað hann pabba að taka bátinn í sína vörslu og nota hann að vild. Seinna fékk hann þennan bát til fullrar eignar.

Eftir að pabbi dó lenti svo þessi bátur í minni eigu, en nú er hann kominn á byggðasafnið á Reykjum. Hann heitir Kristín.

Þessi bátur var merkilegur að því leyti að hann var jafnlangur fjögurra manna fari en aðeins breiðari og dýpri en tveggja manna far og munaði þó mjög litlu. Af þessu leiddi að það var leikandi létt fyrir einn mann að róa honum, ágætt fyrir tvo, prýðilegt fyrir þrjá og það var alveg neyðarlaust fyrir fjóra að vera þar undir árum. Ég myndi vilja telja hann þriggja manna far. Þó hann væri ekki djúpristur og frekar mjór var hann mjög stöðugur og góður í siglinu á lensi og í liðugum vindi. Það mátti helst að honum finna að vont var að sigla honum í beitivindi, þá gekk hann illa. Það mátti heita ógerlegt að krussa honum, honum miðaði sáralítið við hvern bóg.

Lokin

Þannig gekk þetta allt til haustins 1945. Þá gekk fiskur um vorið inn allan fjörð. Það var golfiskur og óð upp um allan sjó. Þá rerum við pabbi austur á Mýrabug nokkra róðra og fengum góðan afla.

Þetta var síðasta vertíðin og bar margt til þess. Í fyrsta lagi hvarf fiskur úr firðinum eftir þetta mikla vorhlaup. Í öðru lagi var þetta síðasta árið sem ég hafði sjón og og í þriðja lagi var pabbi kominn hátt á áttæðsaldur og heilsa hans tekin að bila. Raunar fór ég oft í hrognkelsanet eftir þetta og fram yfir miðjan sjötta áratuginn og þá með Hirti og sonum mínum. En einnig það lagðist af.⁶²

⁶² - „Hver liðin stund er lögð í sjóð.“ Ævisaga Skúla Guðjónssonar frá Ljótunnarstöðum. Rvk. 1982. Bls. 83-85.